

Meistaramót Íslands 11-14 ára

Akureyri, 9.-10. júlí 2022

Ungmennafélag Akureyrar býður til Meistaramóts Íslands 11-14 ára. Mótið fer fram dagana 9.-10. júlí 2022 á Akureyri, á íþróttavelli UFA og Þórs.

1. Skráningar og skráningafrestur

Skráning keppenda fer fram í ÞÓR, mótaforriti FRÍ. Skráningum skal skila inn eigi síðar en á miðnætti þriðjudaginn 5. júlí. Hægt er að skrá keppendur þar til kl. 10 á föstudaginn 8. júlí gegn þreföldu skráningargjaldi skv. reglum FRÍ og sendist sú skráning á ari27@simnet.is.

2. Skráningargjald

Hjá 11-12 ára er 4.500 kr fyrir fjölþraut og boðhlaup er innifalið í því.
Hjá 13-14 ára er skráningargjald er 750 kr. fyrir hverja einstaklingsgrein og 1500 kr. fyrir boðhlaupssveit.

3. Greiðslur og uppgjör

FRÍ innheimtir skráningagjöld vegna þátttöku á mótinu. Reikningar verða sendir til gjaldkera viðkomandi félaga og kröfur senda í banka. Vinsamlegast greiðið kröfuna en ekki með millifærslu.

4. Keppnisstaður og tímaseðill

Keppnin fer fram dagana 9. - 10. júlí 2022 á Akureyri, á íþróttavelli UFA og Þórs. Drög að tímaseðli verða birt í mótaforritinu ÞÓR og endanlegur tímaseðill verður birtur 6. júlí.

5. Keppnisgreinar

Keppnisgreinar eru samkvæmt reglugerð FRÍ:

Pilta- og stúlknaflokkur 11-12 ára:

Keppni í þessum flokkum er sett upp sem fjölþraut og keppendur skrá sig eingöngu í hana. Hægt er að sleppa einstökum greinum sé þess óskað en annars er gengið út frá því að allir taki þátt í öllum greinum. Greinar í fjölþrautinni eru: 60 m hlaup, 400 m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp, spjót kast og 4x100m blandað boðhlaup.

Pilta- og stúlknaflokkur 13-14 ára:

80 m hlaup, 80 m grind, 300 m hlaup, 300 m grind, 800 m hlaup, 2000 m hlaup, langstökk, hástökk, þrístökk, kúluvarp, spjót kast, kringlukast og 4x100 boðhlaup.

6. Félagsbúningar, keppnisnúmer og afhending keppnisgagna

Keppendur skulu klæðast félagsbúningum sínum í mótinu og bera keppnisnúmer að framan, nema í stangarstökki og hástökki er leyfilegt að hafa númerið á baki. Þjálfarar sækja keppnisgögnin á keppnisstað.

7. Nafnakall

Í flokkum 13-14 ára er nafnakall fyrir hverja grein. Í tæknigreinum er nafnakall 20 mínútum áður en keppni hefst en í hlaupum 10 mínútum fyrir hlaup. Í fjölþraut 11-12 ára er nafnakall 20 mínútum fyrir fyrstu grein.

8. Stökk og köst

Keppendur 11 og 12 ára fá fjórar tilraunir. Keppendur 13 og 14 ára fá þrjár tilraunir og átta bestu að loknum þremur umferðum fá þrjár tilraunir til viðbótar. Gert er ráð fyrir að í upphitun fái allir keppendur tvær tilraunir hið minnsta.

9. Hlaup

Raðað verður í riðla samkvæmt uppgefnum tímum í skráningu eða af handahófi ef ársbesti tími er ekki skráður. Keppendur 11 og 12 ára taka tvo spretti og betri tíminn látinn gilda. Það fer síðan eftir skráningu í hlaupum hjá keppendum 13 og 14 ára hvort það séu undanúrslita hlaup og úrslita hlaup.

10. Byrjunarhæðir og hækkunir í stökkum

11 ára piltar og stúlkur: 91 - 101 - 106 - 111 - 116 - 121 - 126 + 3 cm

12 ára piltar og stúlkur: 96 - 106 - 111 - 116 - 121 - 126 - 131 + 3 cm

13 ára piltar: 121 - 131 - 136 - 141 - 146 - 151 - 154 - 157 + 3 cm

13 ára stúlkur: 116 - 126 - 131 - 136 - 141 - 146 - 149 - 152 + 3 cm

14 ára piltar: 126 - 136 - 141 - 146 - 151 - 156 - 161 - 166 - 169 + 3 cm

14 ára stúlkur: 121 - 131 - 136 - 141 - 146 - 151 - 156 - 159 + 3 cm

Þegar einungis þrír keppendur eru eftir í 13-14 ára flokkum þá er hækkað um 3 cm þrátt fyrir að listinn hér fyrir ofan tilgreini annað.

11. Afskráningar

Afskráningar fara fram við nafnakall í hverri grein fyrir sig hjá 13-14 ára en á keppnisstað í fjölþrautinni hjá 11-12 ára.

12. Kastáhöld

Keppendur sem óska eftir að keppa með eigin áhöldum skulu leggja þau inn til mælingar hjá mótstjórn. Þyngdir kastáhalda samkvæmt reglugerð FRÍ.

13. Verðlaun

Í flokkum 11-12 ára hljóta tíu efstu í fjölþrautinni verðlaun eftir síðustu grein.

Sigurvegari fjölþrautarinnar fær gull, sá sem verður í öðru sæti silfur og þeir sem enda í 3.-10. sæti fá bronsverðlaun. Sigrí einstaklingur einhverja grein en nær ekki á topp tíu í fjölþrautinni fær viðkomandi viðurkenningu.

Í flokkum 13-14 ára vinna fyrstu þrír í hverri grein til verðlauna.

Stigahæsta liði í hverjum aldursflokki hlýtur verðlaun og það lið sem hlýtur samtals flest stig er útnefnt Íslandsmeistari félagsliða.

14. Stigakeppni

Stigakeppni á Íslandsmóti 11-14 ára fer þannig fram að sigurvegari í hverri grein fær 10 stig og koll af kolli þannig að 10. sæti fær 1 stig. Ef jafnt er skal úrskurða um sigurvegara eftir fjölda gullverðlauna, ef enn er jafnt eru silfurverðlaun skoðuð o.s.frv.“

Blandað boðhlaup í flokkum 11 ára telja ekki til stiga og í blönduðu boðhlaupi 12 ára skiptast stigin jafnt á milli pílta og stúlkna.

15. Mótstjórn

Mótstjóri: Ari Heiðmann Jósavínsson

Yfirdómari: Gunnhildur Hinriksdóttir

16. Áhorfendasvæði og keppnissvæði

Áhorfendasvæði er í stúku vallarins. Keppnissvæðið er eingöngu fyrir keppendur og starfsmenn, þjálfarar skulu halda sér utan keppnissvæðisins. **Vakin er athygli á því að notkun síma er bönnuð á keppnissvæðinu.**

17. Veitingasala

Veitingasala er í stúku vallarins.

18. Gisting

Hægt er að fá gistingu í Glerárskóla, sem er í 200 m fjarlægð frá keppnissvæðinu, ásamt morgunmat og kvöldmat. Verð fyrir helgina er 9.000 kr. og þarf skráning að berast á netfangið ufa@ufa fyrir miðnætti 26.júní. Það þarf að koma fram hversu margir óska eftir gistingu, morgunmat og kvöldmat. Gott að það fylgi með fjöldi keppenda, fararstjóra og þjálfara. Einnig væri gott að vita hversu margir keppendur eru strákar og stelpur en það varðar skipulag á gistingunni.

19. Frekari upplýsingar

Ari Heiðmann Jósavínsson, ari27@simnet.is, 892-0777

Arnar Elíasson, ufa@ufa.is, 868-3807.